



Alþingi
Erindi nr. P 127/801
komudagur 20. 2. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2001
IG/KSG/011/02

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um átröskun, mál nr. 337.

Tillögunni fylgir ítarleg og fróðleg greinargerð um átröskunarvandann, tíðni á Íslandi og í öðrum löndum, mikla aukningu á tíðni á Vesturlöndum síðustu áratugi og skilgreiningar fræðasamfélagsins á átröskun, einkennum og meðferðarúrræðum.

Á Íslandi hefur tekist vel að halda úti öflugri ungbarnaheilsuvernd og allgóðri skólaheilsugæslu. En þegar börnin verða eldri dregur úr þessum heilsuverndaráherslum í lífi þeirra og hendinni er nánast sleppt af þeim um fermingaraldurinn. Á Íslandi er geðheilbrigðismálum meðal ungmenna lítt sinnt og sálfélagslegur stuðningur er lítill sem enginn.

Í nýlegri skýrslu um börn og ungmenni með geðræn vandamál og þjónustu við þau utan stofnana sem gerð var að tilstuðlan Landlæknisembættisins og kom út í maí 2000 var einmitt lögð sérstök áhersla á heilsuverndarsjónarmið og að teygja þyrfti heilsuvernd upp öll skólaárin. Í skýrslunni koma einnig fram margar ábendingar sem allar lúta að bættum stuðnings- og meðferðarmöguleikum barna og ungmenna á flóknu uppvaxtarskeiði í síbreytilegu þjóðfélagi.

Í skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um stefnumótum í málefnum langveikra barna frá 1999 kemur fram að þjónusta við börn og unglunga með langvinna geðræna sjúkdóma er mun minni hér á landi en í nágrannalöndunum. «*Með talsverðum rökum má telja þessa þjónustu vera svarta blettinn á annars góðri heilbrigðisþjónustu hér á landi. Úrbóta er þörf án tafar. Talið er að innan við 0.5% barna og unglunga fái sérhæfða geðþjónustu samanborið við um 2% á öðrum Norðurlöndum, þótt ekki sé ástæða til að ætla að þörfin sé minni hér á landi*». Í sömu skýrslu er einnig bent á nauðsyn þess að stofnuð verði þverfagleg teymi fyrir langveik börn og að vegna fámennis hér á landi sé mikilvægt að koma á samvinnu og verkaskiptingu.

Átröskunarsjúkdómar eru langvinnir og erfiðir í meðferð. Batahorfur eru ekki góðar. Nauðsynlegt er að tryggja þessum sjúklingum sem og öðrum sjúklingum með alvarleg geðræn vandamál aðgengi að þverfaglegu teymi sérfræðinga í tengslum við Landspítala-Háskólasjúkrahús og ber því að fagna tillögu þingmannanna og leita leiða til að hrinda henni í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri